



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA SKRIÐUHÆTTA Á AUSTFJÖRÐUM 18. DESEMBER 2020

Dags: 18.12.2020

Kl.:

Skýrsla frá: Samhæfingarstöð almannavarna

Varðar: Neyðarstig á Seyðisfirði og hættustig á Eskifirði vegna skriðuhættu

Tilkynning frá embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranum á Austurlandi.

Neyðarstig í gildi á Seyðisfirði og rýming a.m.k. næsta sólarhinginn. Hættustig í gildi á Eskifirði og rýming í gildi a.m.k. næsta sólarhringinn.

Staða verður endurmetin klukkan 11:00 á morgun í samráði við Veðurstofu Íslands. Neyðarstig almannavarna er í gildi á svæðinu. Öll umferð um Seyðisfjörð er bönnuð þar til annað verður ákveðið. Engra er saknað eftir skriðurnar sem féllu og engin slys hafa verið tilkynnt. Eftir að staðan verður metin á Seyðisfirði á morgun verður send tilkynning til íbúa um hvort og hvernig þeir geti vitja og athugað með eignir sínar.

Stór aurskriða féll úr Botnabrún, milli Búðarár og Stöðvarlækjar, skömmu fyrir klukkan þrjú í dag og féll á 10 hús. 1 hús skemmdist í skriðu nóttina áður. Frekar á eftir að meta tjón á staðnum. Í kjölfarið ákvað Ríkislögreglustjóri að hækka almannavarnastig á Seyðisfirði úr hættustigi í neyðarstig.

Allir íbúar og aðrir á Seyðisfirði voru beðnir um að mæta í félagsheimilið Herðubreið og gefa sig fram í fjöldahjálparstöð Rauða krossins eða hringja í síma 1717. Síðar var ákveðið að Seyðisfjörður yrði rýmdur.

Ofanflóðavakt Veðurstofu Íslands ákvað eftir að skriðan féll að kanna betur ástandið í öðrum fjörðum. Kom í ljós að sprungur í gamla Oddskarðsveginum ofan Eskifjarðar höfðu stækkað. Í kjölfarið ákvað lögreglustjórinn á Austurlandi að rýma hluta af Eskifirði og var opnuð fjöldahjálpastöð þar.

Allar björgunarsveitir á Austurlandi hafa verið boðaðar og sérsveit ríkislögreglustjóra sérsveit ríkislögreglustjóra og frá lögreglunni á Norðurlandi eystra hafa einnig verið sendir á staðinn.

540 íbúar frá Seyðisfirði og skráðu sig í fjöldahjálparstöð Rauða kross Íslands í Egilsstaðaskóla á Egilsstöðum. 150 íbúar á Eskifirði skráðu sig á fjöldahjálparstöð RKÍ í Kirkju- og menningarhúsinu á Eskifirði.

Samantekt

- **Veður - Appelsínugul veðurviðvörðun er í gildi á svæðinu til 10:00 á laugardaginn 19. Desember.**
- **Vegakerfið/samgöngur - allir vegir greiðfærir**
- **Rýmingar - Rýmt á Seyðisfirði og hluta Eskifjarðar.**
- **Lögregla - sinnir vettvangs- og aðgerðarstjórn auk umferðarstýringu og lokunum.**
- **Neyðarlínan - Sendir út SMS skilaboð vegna rýmingar.**
- **Björgunarsveitir -**
- **Rauði krossinn – Opnar fjöldahjálparstöðva á þremur stöðum.**
- **Landhelgisgæslan - Sendi varðskiptið Tý frá Reykjavík.**
- **Heilbrigðisstofnanir - Rýming á hjúkrunarheimilinu Fossahlíð.**
- **Raforkukerfið - rafmagn fór af um tíma en er komið aftur á.**



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

ALMANNAVARNADEILD



- Fjarskipti - Fjarskiptafyrirtæki fylgjast vel með fjarskiptakerfinu.
- Eignartjón - Augljóst að um eignatjón er að ræða, verður kannað betur í birtingu.

Staða mála

Veður

Í gildi er appelsínugul veðurviðvörðun á Austfjörðum sem gildir til 10:00 laugardaginn 19. desember.

Spáð er áframhaldandi rigningu og skriðuhættu úr hlíðum þar sem jarðlög hafa mettast vegna mikilla rigninga undanfarna daga.

Ofanflóðavakt Veðurstofu Íslands fylgist náið með málum og er í nánú samstarfi við Samhæfingarstöð.

Vegakerfið/samgöngur

Allir vegir eru greiðfærir nema vegurinn sem skriðan lokaði á Seyðisfirði.

Rýmingar

Rýmingar gengu mjög vel.

Seyðifjörður var allur rýmdur seinni partinn.

Sprungur í gamla Oddskarðsveginum, ofan Eskifjarðar stækkuðu í dag. Veðurstofan mælist til þess að Botnabraut, Hátún, Helgafell, Lambeyrarbraut, Hólsvegur og Strandgata verði rýmdar.

Lögreglan

Lögreglan hefur stýrt umferð um svæðið og lokunum auk vettvangs- og aðgerðastjórn. Samhæfing aðgerða fer fram í samhæfingarstöð almannavarna.

Neyðarlínan

Neyðarlínan hefur sent tilkynningar í SMS skilaboðum til íbúa og fólks á svæðinu vegna rýminga á Seyðisfirði og Eskifirði.

Björgunarsveitir



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

ALMANNAVARNADEILD



Björgunarsveitarfólk á Seyðisfirði hefur verið að störfum síðan fyrstu skriðurnar féllu fyrir í vikunni, björgunarsveitarfólk hefur vaktað svæðið sem rýmt var og aðstoðað íbúa eftir þörfum í samstarfi við lögreglu.

Eftir að skriðan féll rétt fyrir þrjú í dag voru allar björgunarsveitir á austurlandi kallaðar út. 129 björgunarmenn voru á í verkefnum í dag, þar af 39 á Seyðisfirði. Lýst var yfir hættuástandi á Eskifirði auk þess sem skriður hafa fallið víðar. Í ljósi þess var óskað eftir að björgunarsveitir á norðurlandi sendu hópa á Egilsstaði og yrðu til taks í verkefni Einnig voru björgunarahundar víða af landinu kallaðir til öryggis og fluttir austur auk sérhæfðs búnaðar.

Björgunarsveitarfólk gekk úr skugga um að engir hafi lent í skriðunum og aðstoðuðu íbúa við rýmingu.

Rauði krossinn

Fjöldahjálparstöð opnuð að Herðubreið, Seyðisfirði. Þegar öll hús voru rýmd var fólk beðið um að koma þangað og skrá sig. Þá var opnuð fjöldahjálparstöð á Egilsstöðum í Egilsstaðaskóla þar sem fólk var einnig beðið um að láta vita af sér eða hringja í Hjálparsímann 1717 svo hægt væri að taka manntal. Við rýmingu á Eskifirði var tekin ákvörðun um að opna fjöldahjálparstöð í kirkju- og menningarhúsinu þar sem skólinn var innan rýmingarsvæðisins og fólk beðið um að skrá sig.

Um kl. 20 voru 510 búnir að skrá sig á Egilsstöðum. Um 150 manns á Eskifirði. Langflestir voru búnir að finna sér gistingu fyrir nóttina sjálfir.

Sjálfbóðaliðar úr viðbragðsteymum frá norðurlandi koma til aðstoðar auk sjálfbóðaliða frá nærliggjandi svæðum.

Raforkukerfið

Rafmagnslaust varð í nokkra tíma eftir aurskriðuna á Seyðisfirði, keyrt var á varaafli á meðan. Rafmagn er komið á og eru um 84 klukkustundir eftir af varaafli.

Fjarskipti

Fjarskiptafyrirtæki fylgjast vel með stöðu á fjarskiptainnvíðum á svæðinu.